

RARIK/Sunnlensk orka  
Garðar Briem  
Rauðarárstíg 10  
105 Reykjavík

2000060078  
8717; 9310

Reykjavík, 27. desember 2000  
/--

**Efni: Ákvörðun um tillögu að matsáætlun. Borun rannsóknarholu og vegagerð í Grændal, Ölfusi.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Sunnleskrar orku ehf. að matsáætlun borunar rannsóknarholu og vegagerð í Grændal, Ölfusi. Framkvæmdin fellur undir lið 2ci og ii í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin var áður til frumathugunar skv. lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum vorið 1999. Í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins dags. 28. maí 1999, var fallist á borun rannsóknarholu á stað A með skilyrði, en að fram skyldi fara frekara mat á borun rannsóknarholu í Grændal, lagningu vegar og gerð borstæðis.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Sunnleskrar orku ehf. dags. 20. nóvember 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Sunnlensk orka ehf., Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.,  
Orkustofnun og Hönnun hf: Borun rannsóknarholu og vegagerð í  
Grændal í Ölfusi. 20. nóvember 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna eftirtalinna aðila, um tillögu framkvæmdaraðila, í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitafélagsins Ölfuss, Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Náttúrufærðistofnunar Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 3. desember 2000, Náttúruvernd

ríkisins með bréfi dags. 8. desember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 6. desember 2000, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 15. desember 2000 og Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 14. desember 2000, frá 18 einstaklingum í Hveragerði, Selfossi og Ölfusi, með bréfi dags. 2. desember 2000, Garðari R. Árnasyni og Knúti Bruun, með bréfi dags. 3. desember 2000 og Ólafi S. Andrésyni, með bréfi dags. 4. desember 2000. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfi dags. 15. desember 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í ljósi þeirra skýringa sem fram koma af hans hálfu í frekari upplýsingum og með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

### **Framtíðarnýting**

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að æskilegt sé að fá sem bestar hugmyndir um hvað hugsanleg virkjun jarðhita í Grændal hefði í för með sér af mannvirkjum sé ekki hægt að krefjast ítarlegra upplýsinga á þessu stigi svo sem framkvæmdaraðili bendir á. Stofnunin telur þó mikilvægt að í umfjöllun um virkjunarhugmynd í matsskýrslu verði að gera grein fyrir líklegum möguleikum á staðsetningu virkjunar, hugsanlegri stærð og legu safn- og aðveituæða, líklegri þörf á frekari vegagerð og landröskun í dalnum sem virkjun fylgi. Tekið verði mið af mannvirkjum á öðrum virkjunarsvæðum svo sem á Nesjavöllum og landþörf skýrð í ljósi þess.

Skipulagsstofnun telur að jarðvísindamenn þurfi þegar á þessu stigi að gefa álit á því hvort gufuaflsvirkjun í Grændal kunni að hafa áhrif á hvergi og laugar á aðliggjandi svæðum t.d í Hveragerði og hver þau áhrif kunni að verða á núverandi nýtingu jarðhita þar. Þetta verði gert svo unnt sé að meta nú þegar, líkur á því hvort virkjun jarðhita í Grændal hefði áhrif á jarðhitánýtingu sem fyrir er í nágrenninu og til hvaða mótvægisáðgerða þyrfti að grípa.

### **Vatn**

Könnuð verði efnasamsetning jarðhitavatns úr gömlum holum í Ölfusdal, sunnan Grændals ásamt efnasamsetningu jarðhitavatns úr holum á Nesjavöllum til að fá hugmynd um líklega samsetningu jarðhitavatns úr fyrirhugaðri borholu. Þá verði efnasamsetning Grændalsár og Varmár könnuð og metin áhrif blöndunar affallsvatns frá tilraunaholu í Grændal á Grændalsá og Varmá. Áætluð verði hitaáhrif vatnsblöndunar og hversu langt þau ná niður eftir Grændalsá. Metið verði hvort óhætt sé að farga affallsvatni frá holunni í árnar meðan holan er blástursprófuð. Einnig verði metið hvort gera þurfi einhverjar ráðstafanir og skýrt hverjar þær kynnu að verða, til að

kæla affallsvatnið áður en það fer í Grændalsá til að draga úr hitamengun. Rennslismælingar og efnasamsetning áнна verði lagðar til grundvallar og tekið mið af viðeigandi reglugerðum um mengun vatns nr. 796/1999, nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn og nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn.

### **Verndargildi og náttúrufar**

Framkvæmdaraðili meti verndargildi svæðisins og beiti þeim aðferðum sem tiltækar eru. Byggt verði á gróðurkorti og nákvæmri lýsingu á helstu gróðurgerðum og gróðurfari, birtur listi yfir dýr og plöntur á válista, varpflugla og aðra fugla er sáust á talningartíma og gerð grein fyrir frumathugun á lífríki hvera á framkvæmdasvæðinu. Gerð verði grein fyrir mati á landslagi og landslagsheildum.

Gerð verði grein fyrir breytingum á lífríki sem kunna að verða vegna áhrifa framkvæmdanna, ekki síst vegna vegagerðar, á yfirborðsjarðhita og yfirborðsvatn sem jarðhiti hefur áhrif á.

Í ljósi þess að vistgerðakort liggur ekki fyrir verði í matsskýrslu gerð grein fyrir hvenær og hvernig kannað verði smádýralíf á áhrifasvæði framkvæmda, ekki síst af því hér er um jarðhitasvæði að ræða.

### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð verði grein fyrir mótvægisáðgerðum er byggi á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum m.a. frágangi ef ekki verði um frekari framkvæmdir að ræða.

### **Leyfi og skipulag**

Framkvæmdaraðili þarf að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna framkvæmdarinnar í heild (þ.e. vegagerðar, borunar, vatnstöku og borstæðis). Sveitarfélagið leitar meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. brbákv. skipulags- og byggingarlaga. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi ákveðnum skilyrðum.

Stefán Thorrs

Þóroddur F Þóroddsson